

Tækniskólinn ehf
kt. 531202-3410
og
Kennarasamband Íslands,
kt. 501299-3329

**gera með sér svohljóðandi samkomulag um breytingar og
framlengingu á kjarasamningi**

1.grein

Gildandi kjarasamningur framlengist til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2.grein

Núgildandi launatafla Tækniskólans hækkar um 0,35% frá og með 1. júní 2010.

3. grein

Tækniskólinn greiðir 0,13% af heildarlaunum félagsmanna KÍ við Tækniskólann í starfsendurhæfingarsjóð KÍ.

4. grein


Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 21. desember 2009 skoðast samningurinn samþykktur.

5.grein


Öll ákvæði gildandi kjarasamnings KÍ/framhaldsskóla og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um laun og starfskjör félagsmanna KÍ í opinberum framhaldsskólum skulu gilda sem lágmarkskjör fyrir félagsmenn KÍ við Tækniskólann samkvæmt kjarasamningi og taka að lágmarki breytingum sem á honum kunna að verða gerðar. Um starfskjör og önnur réttindi félagsmanna KÍ við Tækniskólann, þ.m.t. aðild að lífeyrissjóði, ráðningar, störf og orlof, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða er gilda á hverjum tíma fyrir félagsmenn KÍ í opinberum framhaldsskólum og þeim samningum sem KÍ og Tækniskólinn hafa gert með sér.

Reykjavík 7. desember 2009

F.h. Tækniskólans ehf.
með fyrirvara um samþykki



F.h. Kennarasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki




BÓKANIR

Bókun 1

Komi til niðurskurðar og samdráttar í Tækniskólanum á samningstímanum mun skólinn leitast við að tryggja sem besta upplýsingagjöf til starfsmanna skólans og til KÍ um nauðsynlegar aðgerðir.

Bókun 2

Til að hægt verði að fylgjast með launabróun félagsmanna KÍ í Tækniskólanum samanborið við opinbera framhaldsskóla mun Tækniskólinn veita KÍ upplýsingar um meðaldagvinnu- og heildarlaun félagsmanna KÍ í skólanum með reglulegu millibili.

Handwritten signature and initials in black ink, located in the bottom right corner of the page. The signature appears to be 'AST' followed by a stylized mark, and below it are the initials 'AB'.